

## Aukafundur í Skólaráði haldinn 17. janúar 2014

Mætt eru: Þórhildur skólastjóri, Björk deildarstjóri, f.h foreldra Sólveig og Hlynur, f.h. kennara Kristín Ásta og Bergljót og Lára Helgadóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins  
Farið yfir plagg er varðar uppbyggingu skólamannvirkja í Mosfellsbæ. Miklar umræður urðu um málefnið og í framhaldi þeirrar umræðna kom fram eftirfarandi ályktun sem lögð var fyrir Fræðslunefnd þann 21. janúar sl..

Skólaráð Varmárskóla.  
Fundur 17. janúar 2014.

Ályktun fundar.

Á fundi Skólaráðs Varmárskóla voru kynntar niðurstöður skólaþings sem haldið var í nóvember s.l. og drög að tillögum fræðslunefndar um uppbyggingu skólamannvirkja. Í drögum að uppbyggingu skólamannvirkja á austursvæði kemur skýrt fram að Brúarland sé eini möguleiki Varmárskóla á að fá aukið skólarými næstu tvö árin á meðan aðrar framkvæmdir fara af stað varðandi nýjar skólabyggingar á norður- og vestursvæði. En þær muni með tímanum létta álagið sem er á Varmárskóla.

Rökin fyrir þessari ákvörðun að hálfu Skólaskrifstofu virðast byggð á fjárhagslegri hagkvæmni sem auðvitað skiptir máli. Viljum við benda á að stundum er hagkvæmasta lausnin ekki endilega sú besta. Það er hins vegar okkar hlutverk í Skólaráði Varmárskóla að standa vörð um hagsmuni og öryggi skjólstaðinga okkar sem eru nemendur.

Eftirfarandi spurningar valda okkur áhyggjum:

- Hvernig á að tryggja öryggi barnanna þar sem svæðið er ógirt og mjög nálægt Vesturlandsvegi?
- Hvar og hvernig á leiksvæði nemenda að vera?
- Hvernig sjá skólayfirvöld fyrir sér aðkomu skólabíls og annarar umferðar við Brúarland?
- Hvernig verður aðgengi að skólalóð, mótuneyti, bókasafni, sérgreinastofum og íþróttahúsi tryggt?
- Hvaða áhrif mun þetta hafa á samstarf og samvinnu kennara og nemenda t.d. milli árganga?
- Er hugmyndin að Brúarland verði einangruð, sjálfstæð rekstrareining?
- Hefur verið gerð úttekt á því hvað allt þetta myndi kosta þessi tvö ár sem Brúarland yrði notað?

Skólaráð Varmárskóla vill fá svör við þessum spurningum. Okkur leikur grunur á að þessi lausn verði dýrari en efni standa til ef vel á að vera. Það er okkar trú að til lengri tíma litið verði hagkvæmara og farsælla að setja færanlegar skólastofur á skólalóð Varmárskóla strax og fallið verði frá því að nýta Brúarland til bráðabirgða.

Ef ekki verður tekið tillit til óska um færanlegar kennslustofur og Brúarlandskostur valinn viljum við að það verði bókfært að Skólaráð hafi efasemdir um ágæti þessarar ákvörðunar.

Skólaráð Varmárskóla